



Hreppsnefnd 23.05.02

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 23. maí 2002

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhepps fimmtudaginn 23. maí 2002 kl. 16.00 í Miklagarði. Mættir: Hafpór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Aðalbjörn Björnsson, oddviti, Árni Róbertsson, Steindór Sveinsson og Sigurveig Róbertsdóttir. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson. Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna á þennan síðasta fund núverandi hreppsnefndar þar sem sveitarstjórnarkosningar verða 25. maí n.k.

1. mál. Fundargerðir hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps frá 8. og 14. maí sl. Fundargerðirnar ræddar og síðan samþykktar samhljóða.

2. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 17. maí sl. Umræða var nokkur um fundargerðina, varðandi tölulíð eitt, tillaga bygginganefndar um lóðarvilyrði til Hótel Tanga hf. Einnig var farið yfir tillögur að skipulagi Kaupfélgastorfu í 2. tl., hugmyndir að innkeyrslu í bæinn við Kolbeinsgötu í 3. tl. og síðan 4. tl. hugmyndir að brimvarnargarði milli Miðhólma og Skiphólma. Lagst var yfir teikningarnar og ennfremur sýndar þrívíddarmyndir af fyrirhuguðum brimvarnargarði nokkrar umræður urðu um fyrirbyggjandi hugmyndir. Fundargerðin var síðan samþykkt.

3. mál. Byggðarstofnun bréf dags. 14. maí varðandi erindi Skiphólma ehf. varðandi hlutabréfa og lánamál. Ennfremur lagt fram erindi Vopnafjarðarhepps til Landsbanka Íslands frá maí 2002, þar sem óskað er eftir skammtímafjármögnun, vegna tiltekinna atriða, þar til lokið hefur verið við frágang mála í gegnum Byggðastofnun í samræmi við fyrirbyggjandi samþykkt stjórnar Byggðastofnunar, sem greint er frá í bréfi stofnunarinnar frá 14. maí sl.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir greinda skammtímafjármögnun í Landsbanka Íslands, þar til gengið hefur verið frá endanlegum samningum við Byggðastofnun og felur sveitarstjóra að ganga frá málinu.

4. mál Erindi landeigenda við Hvammsá frá 7. maí sl., varðandi virkjun árinna. Skýrði sveitarstjóri frá því að rætt hafi verið við landeigendur um virkjun Hvammsár. Samþykkt var að sveitarstjóri svari bréfinu og óski eftir því að rannsókn á þeim atriðum sem talað er um í bréfinu ljúki sem fyrst.

5. mál. Gönguleiðahópur Vopnafjarðar, ósk um styrk. Samþykkt að veita sambærilega fjárhæð og veitt var á síðastliðnu ári. Sveitarstjóra falið að ganga frá erindinu við hópinn og fá skilgreiningu á vinnuframlagi hans ofl.

Eftir afgreiðslu 5. máls fékk Hafpór Róbertsson leyfi til að víkja fund og þakkaði hann fundarmönnum samstarfið á liðnum árum.

6. mál. Kaupvangur, verksamningur, vegna innréttinga. Oddviti og sveitarstjóri skýrðu samninginn. Samningurinn er gerður við Mælifell ehf og er samningsfjárhæðin kr. 34.945.300 og verktíminn 3 ár. Steindór Sveinsson vék fund þar sem málið varðar fyrirtækið Mælifell ehf. Þakkaði hann fundarmönnum samstarfið á kjörtímabilinu. Verksamningurinn samþykktur.

7. mál. Lögð fram fundargerð skólanefndar frá 14.05. sl. Lögð fram til kynningar.

8. mál. Ýmismál og fundargerðir

a) Fundargerð atvinnumálanefndar frá 7. maí

b) Fundargerð starfshóps hreppsnefndar, vegna atvinnumála frá 10. maí sl.

c) Minnisblað vegna vígslu minnismerkis um vesturfara við Kaupvang frá 20. maí sl., þar sem innsiglað var samstarf milli Vesturfarasetursins á Hofsósi og Vopnafirðinga.

Fleira ekki tekið fyrir, þakkaði oddviti fundarmönnum samstafið á kjörtímabilinu og sérstaklega þeim sem ekki eru í framboði til sveitarstjórnar á næsta kjörtímabili og óskaði hann þeim velfarnaðar á öðrum vetvangi.

Fleira ekki gert og fundi slitið.